

YTRI GRENIVÍK
 Staðgreinir: 6000-6-00050001
 Landnúmer: L210368
 F2155455

Ytri Grenivík er einbýlishús á einni hæð, staðsteypt með léttu þaki, byggt 1950. Ekki hefur verið búið í húsinu um nokkurt skeið og núkomið í bágu ástandi.

Efnisval og frágangur er í samræmi við kröfur byggingarreglugerðar 112/2012 og viðkomandi deiliskipulagsskilmála. Lóðin er óbýggð í dag.

Uppbygging :
 Byggingin er úr staðsteyptri steinsteypu og verður einangruð að utan og klædd vandaðri ál- eða kopar- eða zinkklæðningu. Undirstöður, sókklar og botnplata eru staðsteyptar á þjappaðri fyllingu.

Pak :
 Pak er söðulþak, timburásar og -sperrur með innbyggðri einangrun milli sperra, loftræst og rakþétt. Klæðning þaks að utan verður sama og útveggja. Klæðning þaks að innan verður í flokki 2, víðarþylja.

Gluggar og hurðir:
 Gluggar og hurðir skulu vera ál/ál kerfi. Gler skal vera hefðbundið tvöfalt og að hluta þrefalt einangrunargler, K-gler. Gler verði í samræmi við byggingarreglugerð kafila 8,5 og 12,4 og leiðbeiningarblað Rb-blað (31) 121.1 Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands „Val glergerða fyrir íbúðarhúsnæði“ s.s. varðandi öryggisgler í gólfstöðum gluggum, handriðum o.fl. Útihurðar verði ekki mjórrí en 100cm og ekki lægri en 230cm sbr. 6.4.3. gr. Brg. 112/2012.

Innveggir, klæðningar og loft :
 Steyptir innveggir verða sjónsteypa og útveggir verða múrhúðaðir og málaðir. Léttir innveggir verða hlaðnir vikursteinar, þússaðir og málaðir og/eða 100-120mm gífssteinar spartlaðir og málaðir. Frágangur og gerð veggja við sturtur og salernissvæði verða með viðurkenndum votrymisfrágangi og með hertu öryggisgleri þar sem við á. Klæðningar innanhúss verða minnst í Fl.2. Innihurðar verði minnst 90cm breiðar og minnst 210cm háar sbr. 6.4.2. gr. Brg. 112/2012.

Gólf :
 Botnplötu skal styrkja eins og þörf er og bætt við ásteypulagi með innsteyptum gólfhita. Gólf verða flotuð og lögd víðeigandi gólfefnum s.s. parketi og /eða steinflisum. Sturtubotn verður innfellður í gólfliót og niðurfalið virkar sem öryggisniðurfalið. Verandir verða lagðar hellum og sölþallar verða úr harðviði.

Lagna- og hitakerfi :
 Inntak veitna; hita, neysluvatns og rafmagns verður endurnýjað. Helstu lagnaleiðir verða í innveggjum og loftum. Neysluvatnslagnir verði hefðbundnar og rör fyrir þar sem við á. Gólfniðurföll verða í öllum votrymum sjá grunnmyndir (GN). Almennir húsið loftræst á náttúrulegan hátt með opnanlegum gluggum. Rými sem ekki hafa opnanleg gluggaög votrymi og eldhús, eru vélrænt loftræst í samræmi við gr. 10.2.5. í Brg. 112/2012. Sjá grunnmyndir (LR). Útsog verði úr eldhúsi, baðherbergi og þvottastöðu. Útsog frá eldhúsi, salernum og þvottahúsi má ekki draga gegnum önnur rými hússins, sbr. gr. 10.2.5. Brg. 112/2012.

Hitakerfi verði hefðbundið gólfhiti lagður í 60-80mm lög ásamt ofnum að hluta. Byggja skal að vatn fari ekki að lofunarstað með hærri hitastigi en 60°C.

Raflagnakerfi verði hefðbundið. Lýsing verði innfelld að hluta í þar til gerðum brunapöllum kössum. Raflýsing utanhúss verði látlaus, lág, óbein og gjúlaus með afskemmuðum lömpum og í samræmi við gr. 10.4.2. Brg. 112/2012.

Lóðarfrágangur:
 Lóðarfrágangur verði sem náttúrulegastur í samræmi við berangur sem einkennir eyjuna. Vernd og útsvæði verði hellulögn eða timburþallar. Gróður verði valinn m.t.t. staðhátta. Settaug/heitur pottur á lóð skal vera varinn með læstu öryggisloki skv. 12.10.4. gr. í Brg. 112/2012. Lóðarfrágangur verði sem náttúrulegastur og afgríðis ekki nema brin nauðsyn kalli á.

Sorp:
 Sorpskýli verði afmarkað/lítt sýnilegt frá aðkomu og rúmi amk. þrjú sorplát til sorpflokkunar. Sorpgeymsla skal vera a.m.k. A-E160. Fri hæð fyrir ílát skal vera minnst 1,40 m og breidd 2,00 x 0,90 m.

Einangrun :
 Uppfylla skal ÍST-66 varðandi kólnunartölur og einangrun einstakra byggingarhluta. Botnplata er einangruð með 75mm einangrunarplasti og enangrun bætt ofan á plötu undir ásteypulagi. (Gólf U-gildi=0,22W/m2K), veggir sökkla eru einangraðir 500 mm niður fyrir plötu með 100mm sökkulplötum. Útveggir eru einangraðir með 100mm xps-einangrun (U-gildi=0,4W/m2K). Flatt þak er einangrað með 200mm þakull/steinull. Í gluggum er tvöfalt einangrunagler, 12mm loftrúm í fóstum gluggum en 9 mm loftrúm í opnanlegum gluggaögum og hurðum. Gluggar verði með U-gildi=1,93,0W/m2K, og útihurðir með U-gildi=1,22W/m2K.

Gildi og kröfur :
 Byggingin skal uppfylla gildi og kröfur byggingareglugerðar 112/2012 um hljóðvist sbr. gr. 11.1.2. hljóðflokk C að lágmarki. Byggingin uppfylli kröfur um loftræsingu íbúðarhúsnæðis sbr. 10.2.5. og kröfur um eftirfarandi hámarks U-gildi sbr. gr. 13.3.2 112/2012.
 þak: 0,2 w/m2k
 útveggur: 0,4 w/m2k
 gluggar: 2,0 w/m2k
 gólf á fyllingu: 0,3 w/m2k
 útveggir vegið meðatal: 0,85 w/m2k


Brunavarnir :
 Brunavarnir verða í samræmi við ákvæði byggingareglugerðar 112/2012. Íbúð er sjálfstætt brunahólf. Allar klæðningar í loftum og veggjum innanhúss verði í flokki 1 (B-s1, d= skv. ÍST EN 13501-1). Þak verði klætt með þakdúk í flokki T (B(roof)(t2) skv. ÍST EN 13501-5) og málmryðborði. Björgunarop (BO) eru úr hverju svefnherbergi sbr. upprætti, 0,6m x 1,4m/1,0m. Hæð frá gólfu að björgunaropi er ekki nema en 1,20m, sbr. 9.5.5. gr. í Brg. 112/2012. Reykskynjarar verða einn á hverja 80m2 gólfplatar sbr. gr. 9.4.3 Brg. 112/2012.
 Handslökkvitæki verði skv. ÍST EN 3 staðsett í íbúð (6L léttvatnstæki) nærri inngöngum. Eldstæði skal hitaeinangrað á þeim flötum sem ætla má að hætta geti stafað af ef þeir eru snertir. Eldstæði skal vera tengt við reykhláf sem er aðgengilegur og tryggt sé nægjanlegt aðstreymi fersklöfts vegna bruna. Rykrör - ef ekki steypt, skal vera úr ryðfríu stáli, einangrað niður að eldstæði með brunaeinangrun. Utanum einangrunina verði hlífðarkápa úr ryðfríu stáli. Eldstæði og reykhláfur skulu uppfylla víðeigandi kröfur í reglugerð um eldvarnir, sbr. greinar 9.6.5 og 9.6.6 í Brg. 112/2012.

Litir húss :
 Útveggir: Dökk gráskala álklaðning. Gluggar og útihurðir: Dökk gráskala ál/ál-kerfi.

Stærðir og matshlutar :
 Byggingin er sjálfstæður matshluti í samræmi við skráningar-töflu.
 Lóð: 2101,5 m² flatarmál D8 rúmmál D11
 0101 1. hæð íbúð 77,8 m² 227,1 m³
 Heildarstærð íbúðar 270,9 m² 908,0 m³
 Heildarstærð byggingar 350,8 m² 1.172,3 m³
 Nýt.hlf.: (327,8 / 2101,5 m²) : 0,28


Bilastæði á lóð: 2 stæði með sem minnst áberandi afmörkun.

Leitast skal við að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif, velja vistvænar lausnir þar sem það er mögulegt og miða lausnir og efnisval við allan líftíma þeirra. Leitast skal við að lágmarka auðindanotkun.




ásýnd austur


ásýnd norður




grunnmynd




skurðmynd a-a



ásýnd vestur



ásýnd suður



| | |
|-----------|-----------|
| | D |
| | C |
| | B |
| | A |
| BREYTING: | DAGS: BR. |

YTRI GRENIVÍK GRÍMSEY
 uppdrættir og byggingarlýsing

| | |
|----------------|------------------|
| VERK NR.: | 2463 |
| VERKHLUTI: | DAGS: 31.04.2024 |
| ADALUPPDRÁTTUR | MKV.: 1:100 (A2) |

PK ARKITEKTAR
 kt. 680504-2880 Starmýri 2, 108 Reykjavík
 www.pk.is 551 8050 pk@pk.is

Tekning Breysing

1.00